

Fjallabyggð



Bóka- og
héraðsskjalasafn

Ársskýrsla 2014

Bóka- og héraðsskjalasafn Fjallabyggðar - Upplýsingamiðstöð ferðamanna

Gránugata 24 580
Siglufjörður
Ólafsvegur 4 625

S. 4649120
S. 4649215

info@fjallabyggd.is
bokasafn@fjallabyggd.is
skjalasafn@fjallabyggd.is

Efnisyfirlit

Þjónusta, hlutverk og meginmarkmið	2
Afgreiðslutími.....	2
Starfsfólk Bókasafns Fjallabyggðar 2014	2
Húsnæðismál	3
Rekstur safnsins og fjárveitingar	3
Gjafir til Bókasafns Fjallabyggðar	3
.....	3
Safnkostur.....	4
Flokkun og skráning.....	4
Útlán.....	4
Safngestir.....	5
Helstu verkefni 2014	6
Viðburðir og sýningar	6
Héraðsskjalasafn	7
Upplýsingamiðstöð ferðamála Fjallabyggð, Siglufirði.....	8
Opnunartími	8
Ferðamenn	8
Algengar fyrirspurnir ferðamanna	9
Mannauður.....	9

Þjónusta, hlutverk og meginmarkmið

Bókasafn Fjallabyggðar er upplýsinga- og menningarstofnun sem starfar samkvæmt gildandi lögum um almenningsbókasöfn, yfirlýsingu Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna (Unesco) um almenningsbókasöfn og menningarstefnu Fjallabyggðar. Markmið þess er að vera íbúum bæjarins miðstöð upplýsinga, menntunar, menningar og afþreyingar með því að bjóða upp á aðgengi og útlán á fjölbreyttu úrvali bóka og tímarita auk stafrænna upplýsinga. Aukin áhersla er lögð á barnastarf, þ. á. m. sögustundir, safnkynningar, þjónustu við leik- og grunnskóla Fjallabyggðar, skipulagða menningarstarfsemi fyrir almenning og góða aðstöðu til náms og margt fleira.

Afgreiðslutími

15. ágúst – 31. maí: Opið alla virka daga frá kl. 13.30-17.00

1. júní – 14. ágúst: Opið virka daga frá kl. 13.30-17.00. Helgar frá kl. 11.00-15.00.

Starfsfólk Bókasafns Fjallabyggðar 2014

Á safninu störfuðu þrjú starfsmenn í tveimur stöðugildum fyrstu sex mánuði ársins en vegna flutnings bókasafnsins í Ólafsfirði var nauðsynlegt að bæta við hálfu stöðugildi og voru því í lok árs tveir starfsmenn í 100% starfi og einn starfsmaður í 50% starfi. Að auki er einn starfsmaður í 50% starfi við héraðsskjalasafnið. Ekki var ráðið sérstaklega í sumarafleysingar þar sem starfsmaður Upplýsingamiðstöðvar sinni einnig störfum bókavarðar á Siglufirði. Bókasafnið í Ólafsfirði var lokað á meðan á flutningum stóð og því þurfti ekki að ráða í afleysingar þar. Einn sumarstarfsmaður kom á vegum félagsþjónustunnar í 40% starf hjá bókasafninu á Siglufirði.

Starfsmenn árið 2014

Hrönn Hafþórsdóttir forstöðumaður (tók við af Sigríði Halldóru Gunnarsdóttir) í lok febrúar. Kristína R. Berman 50% sumarstarf Upplýsingamiðstöð og bókavörður Siglufirði Ragnar Haukur Sverrisson 40% sumarstarf Siglufirði Rósa Dögg Ómarsdóttir 50% héraðsskjalasafn Siglufirði Sigríður Sigurjónsdóttir 50% starf, bókavörður Siglufirði Vilhjálmur Hróarsson 100% starf bókavörður Ólafsfirði

Húsnæðismál

Bókasafnið í Ólafsfirði flutti á nýjan stað að Ólafsvegi 4. Gamla húsnæðið að Aðalgötu var orðið afar óhentugt fyrst og fremst vegna erfiðs aðgengis og þrengsla. Ætlunin var að endurgera húsnæðið að Ólafsveginum svo það hentaði bókasafni. Búið var að hanna breytingar, teikna og samþykkja en það var blásið af. Eingöngu var málað og hillubúnaður var keyptur notaður af Samtökunum 78 en þeir voru að loka bókasafni sínu. Bókasafnið er nú eingöngu á neðri hæð hússins í þremur herbergjum, efri hæð og anddyri er samnýtt með stjórnsýslunni. Eingöngu er pláss fyrir lítinn hluta safnskots eða um 4000 titla. Bókasafnið í Ólafsfirði telur um 16.000 titla.

Bókasafnið á Siglufirði fagnaði 50 ára húsnæðisafmæli á árinu og er meirihluti hillubúnaðar og húsgagna bókasafnsins orðinn jafngamall þ.e. 50 ára. Litlu sem engu hefur verið eytt í viðhald síðustu ár og brýnt er að fara að huga að viðhaldi. Gluggar leka, gólfefni er ónýtt, hillubúnað og húsgögn þyrfti einnig að taka í gegn og laga.

Rekstur safnsins og fjárveitingar

Áætluð rekstrargjöld Bókasafns 2014 með nýtingu tekna voru kr. 23.123.000.

Framlag Fjallabyggðar til Bókasafns Fjallabyggðar varð kr. 20.874.403 eða kr. 2.249.000 undir áætlun. Skýrist það fyrst og fremst vegna launaliðar, hærri tekna en áætlað var og fleiri þátta.

Gjafir til Bókasafns Fjallabyggðar

Margir velunnarar safnsins gáfu bókasafninu bóka- og tímaritagjafir á árinu og er þeim hér með færðar bestu þakkir. Gjafirnar voru notaðar til að skipta út gömlum slitnum eintökum fyrir önnur betri. Það sem ekki var notað var selt á vægu verði á nokkrum bókamörkuðum sem haldnir voru yfir árið. Mikið safn gjafabóka var til fyrir á safninu og má áætla að tæpum 3000 bókum hafi verið skipt út fyrir aðrar í betra ásigkomulagi.

Safnkostur

Safnkostur sem skráður er í Gegni- samskrá bókasafna var:

Í Janúar 2014

Bókasafnið Siglufirði 18.688 eintök – Bókasafnið Ólafsfirði 15.186 eintök

Í Desember 2014

Bókasafnið Siglufirði 20.438 eintök – Bókasafnið Ólafsfirði 14.895 eintök.

Flokkun og skráning


Nokkur þúsund eintök eru enn óskráð í Gegni og eru það mestmegnis gamlar bækur og öll tímarit sem Bókasafnið á Siglufirði á. Ekkert af eldri tímaritakosti bókasafnsins á Siglufirði er skráð í Gegni en áætlað er að hefja þá vinnu á nýju ári.

Keyptar voru 204 nýjir titlar á árinu ýmist tvö eintök eða eitt. Reynt var að kaupa sem flestar íslenskar bækur. Samtals voru keypt 400 eintök sem skiptust á bæði bókasöfnin. Lítið sem ekkert er keypt inn af bókum á erlendum tungumáum. Einnig voru keypt tímarit og hljóðbækur í litlu magni þó.


Útlán

Bókasöfn Fjallabyggðar lána út bækur, hljóðbækur og tímarit. Ekki er um útlán á tónlist eða DVD myndum að ræða. Útlán úr Gegni voru á árinu samtals 9.181 (S5.701/Ó3.480). Árið áður eða 2013 voru útlánin 7.587 (S4.703/Ó2884).


Úlánaaukningin á árinu er 21%.



Safngestir



Lánþegar með gild lánþegaskírteini voru 346 (S189/Ó132) sem er fjölgun frá fyrra ári um 64 en þá voru lánþegar með gild skírteini 282. Samkvæmt talningu voru lánþegakomur 6.818 (S 5.067/Ó/1.751). Aðrir gestir þ.e. skólahópar í safnkynningu, leikskólabörn, viðskiptavinir á bókamarkaði, gestir á hannyrðakvöldum og öðrum uppákomum voru samtals um 1.523 (S 1.000/Ó523). Gestir Upplýsingamiðstöðvar eru ekki inni í þessum tölum. Heildarfjöld gesta sem heimsóttu bókasöfnin á árinu var samtals 8.341. Árið 2013 var heildarfjöldi gesta 5.138. Gestakomum hefur því fjölgað um 3.203 eða um 62%.



Helstu verkefni 2014

1. Tiltekt og grisjun í útlánasal. Bækur eldri en frá árinu 1970 eru teknar úr hillum og skráðar í kassa þannig að þær séu leitarbærar í Gegni.
2. Fínröðun og þrif á hillum.
3. Tenging óskráðra safngagna í Gegni, nýskráningar á árinu eru ríflega 3.000 titlar.
4. Flutningur bókasafnsins í Ólafsfirði frá Aðalgötu 15 á Ólafsvog 4
5. Aukið samstarf allra skólastiga þ.e. leik- grunn- og framhaldsskóla meðal annars með því að Gegnisvæða bókasafn grunnskólans en með því næst nauðsynlegt utanumhald yfir safnkost þeirra. Leikskólabörn fengu fastar sögustundir, keyptar voru allar kennslubækur af bókalista MTR og hafa namar við skólann nú aðgang að kennslubókunum hvort sem er í Ólafsfirði eða á Siglufirði. Útbúin var lesstofa í bókasafninu á Siglufirði til að geta veitt aðstöðu til náms.
6. Hraunasafnið: Leitast hefur verið við að safna saman bókum úr Hraunasafninu og verður áframhald á því á næsta ári.
7. Viðburðir, lögð hefur verið áhersla á bjóða upp á hinu ýmsu viðburði. Þar má nefna, bókamarkaði, upplestur, safnakynningar, hannyrðakvöld, sögustundir og sýningar.

Viðburðir og sýningar

Bókasafnið á Siglufirði fagnaði 50 ára húsnæðisafmæli á árinu þann 14. nóvember. Sett var upp sýning á munum og skjölum tengdum karlakórnum Vísi og gestum boðið upp á afmælisöku. Gamlir munir sem hafa fundist við tiltekt eru til sýnis í glerskápum. Norræna bókasafnavikan var haldinn hátíðleg m.a. var sett upp sýning á munum úr eigu Norræna félagsins. Einnig var upplestur fyrir börn. Hollenskur rithöfundur heimsótti okkur á árinu og kynnti nýja barnabók sem gerist að hluta á Siglufirði. Fimmti bekkur grunnskólans las svo fyrir gesti úr áður útkominni bók höfundarins. Hannyrðakvöldin sem eru annað hvert þriðjudagskvöld yfir vetrartímann eru alltaf vel sótt og eru það að jafnaði um 15 gestir sem sækja hvert hannyrðakvöld. Nokkrir bókamarkaðir hafa verið haldnir og hafa yfir 400 manns sótt þá.

Héraðsskjalasafn

Vinna heldur áfram við skráningu eldri skjala í eigu Fjallabyggðar. Þann 18. ágúst 1984 var Héraðsskjalasafn Siglufjarðar stofnað, síðar Héraðsskjalasafn Fjallabyggðar við sameiningu Ólafsfjarðar og Siglufjarðar árið 2006. Héraðsskjalasafnið hefur því verið starfrækt í hart nær 30 ár. Héraðsskjalasafnið er staðsett á annarri hæð ráðhússins að Gránugötu 24 á Siglufirði en aðstaða og aðgengi fyrir safngesti erá fyrstu hæð í almenningubókasafninu. Engin ákveðin opnunartími var á héraðsskjalasafninu. Afgreiðslutími var eftir samkomulagi við starfsmenn héraðsskjalasafns. Eitt stöðugildi er við héraðsskjalasafnið sem skiptist á milli tveggja starfsmanna.

Mikil vinna er framundan við að skrá gömul skjöl í eigu bæjarins. Við sameiningu stjórnarsýslunnar barst mikið af skjölum frá Ólafsfirði og er mikil vinna framundan við skráningu þeirra. Afhendingar á árinu voru 21 bæði einka- og opinber skjöl. Fyrirspurnir voru 18 talsins ýmist símleiðis eða með tölvupósti.

Upplýsingamiðstöð ferðamála Fjallabyggð, Siglufirði

Sumarið 2014

Opnunartími

Upplýsingamiðstöð ferðamála er opin allt árið og er staðsett í Bókasafni Fjallabyggðar á Siglufirði. Frá 1. júní til 15. ágúst þegar flestir ferðamenn sækja Fjallabyggð heim er opnunartími frá 13.00-17.00 virka daga og 11.00-15.00 um helgar, lokað var á stórhátíðardögum. Frá 15. ágúst til 31. maí er upplýsingamiðstöðin opin á opnunartíma bókasafnsins 13.00-17.00 virka daga en lokað um helgar. Í byrjun maí komu að jafnaði tveir ferðamenn á dag en eftir 15. ágúst og til loka september er búið að vera töluvert mikið um ferðamenn frá tveimur og uppí átta á dag. Þetta kallar á umræðu um aukin opnunartíma upplýsingamiðstöðvar. Þess má einnig geta að forstöðukona hefur haft opið á morgnana og mikið er um að ferðamenn komi þá.



Mynd. Kristína Berman starfsmaður upplýsingamiðstöðvar sumarið 2014 teiknaði kort með helstu gönguleiðum í Siglufirði.

Ferðamenn

Skráning ferðamanna hófst 15. maí og lauk 30. september. Flestir komu í júlí eða 550 manns þar af voru 59 íslenskir, næstmest í júní 320 þar af 41 íslenskur, ágúst komu um 200 manns þar af 64 íslenskir. Um 130 manns komu í maí og 100 manns í september allt erlendir ferðamenn.

Maí		Júní		Júlí		Ágúst		September	
Fjöldi=130*		Fjöldi=320		Fjöldi=550		Fjöldi=200		Fjöldi=100	
Ekki ath.	Ekki ath.	Erl. 279	ísl. 41	erl. 491	ísl. 59	erl. 136	ísl. 64	erl. 100	ísl. 0

Ferðamenn sem heimsóttu upplýsingamiðstöðina voru tæplega 1.300 frá öllum heimshornum en Þjóðverjar og Frakkar í miklum meirihluta. Einnig var mikið um Ítali, Spánverja, Norðurlandabúa og Portúgala en ferðamenn frá Asíulöndunum sáust varla. Einungis 164 af ferðamönnum eða tæplega 13% voru Íslendingar hitt voru erlendir ferðamenn. Mikið var um puttaferðalanga og nokkuð um óánægju með að engar samgöngur væru á milli Siglufjarðar, Hofsóss og Sauðárkróks.

Algengar fyrirspurnir ferðamanna

Algengustu fyrirspurnirnar voru tvær:

Hvar er síldarminjasafnið? og hvar eru gönguleiðir í nágrenninu? Einnig var mikið spurt um hvalaskoðun. Aðrar spurningar voru helstar: Hvar er tjaldstæðið og hvað kostar nóttin þar?, Hvar er hægt að þvo?, hvar er hægt að hlaða straumbreyta í bílum?, Hvernig er hægt að tengja sjónvarp?, Hvar kemst maður í frítt netsamband?, Hvaða staði er vert að heimsækja hér?, Hvernig kemst maður á Hóla í Hjaltadal?, Hvernig er veðurspáin?, Hvað kostar dagurinn á skíðum?, Hvað er um að vera á djamminu?, Hvar eru hestaleigur? Hvar er hægt að kaupa minjagripum um Siglufjörð (ekki síldarminjatengt) Skemmtilegasta spurningin var samt frá einum frönskum ferðamanni en hann var búin að týna konunni sinni og vildi vita hvort við vissum um hana ☺

Mannauður

Starfsmaður upplýsingamiðstöðvar var Kristína R. Berman í 0,5 stöðugildi, frá klukkan 11:00 – 15:00 þriðjudaga til laugardaga. Frá klukkan 15:00 – 17:00 sinnti forstöðukona bókasafnsins Hrönn Hafþórsdóttir upplýsingaþjónustu til ferðamanna. Kristína Berman sinnti einnig bókavarðarstörfum í sumarleyfi Sigríðar Sigurjónsdóttur. Sunnudagsopnun var til skiptist í höndum Kristínar sem og forstöðukonu, Hrannar Hafþórsdóttur. Frídagur Kristínar voru mánudagar og annar hver sunnudagur.

Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Ólafsfirði var rekin af einkaaðilum og því inniheldur ársskýrsla þessi ekki upplýsingar er varða rekstur hennar.

